

Góða kvöldið mér var bent á að seinustu forvöð væru fyrir miðnætti núna til að koma með athugasemdir varðandi skotvopnalöggjöfina umræddu.

Hér eru þær athugasemdir og ummæli sem mér langar að koma á framfæri varðandi það sem hefur verið lagt fram með nýju skotvopnalöggjöfinni.

Sérstaklega varðandi safnaraleyfi og innflutningur á þeim byssum sem falla þar undir, er ég einn af þeim sem hafa slík réttindi og þekki til ófáa af þeim sem hafa slíkt hið sama og er mjög þungt vegið að okkar hóp, nánast þurrkaður út með þessu frumvarpi, virðist vera sem einhver hræðsluáróður hafi verið í gangi gagnvart þeim hóp, til dæmis þá þarf að hafa haft skotvopnaleyfi í þónokkur ár og vera með skáp og myndavélakerfi/vöktun til að geta sótt um þessi leyfi og svo ég tali nú um að ef menn hafi fengið leyfi og keypt sér safnaravopn þá er jafnframt ekki allir sem eiga skotfæri í slíkt og er það einnig leyfisskylt að alfa sér þeirra í umtöluð vopn sem þarf fyrst að fá hjá lögreglu og skotsvæðum sem leyfa slíka notkun sem er ekki auðhlaupið.

Hins vegar fagna ég því að það sé skilda að hafa skáp við kaup á fyrstu byssu og að erfiðara ætti að vera að sækja um og fá almennt skotvopnaleyfi, því þar sýnist mér mestar brotalamir vera á, að fáir einstaklingar í andlegu ójafnvægi fremja ódæði og koma óorði á heilan hóp sem hefur ekki illt sér inn unnið.

Vona ég því að mín umsögn verði tekin til skoðunar

Kv. Tómas Hafsteins.